

4. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2021

Fundur í Safnahúsinu Ísafirði mánudaginn 21. júní 2021, kl. 20.

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Hlynur Reynisson og Hjalti Karlsson.

1. Vallarhús, efri hæð. Rætt um uppbyggingarsamninginn sem snýr að vallarhúsinu á Torfnesi. Ljúka þarf skýrslu um framkvæmdir þar til að fá greiðslu skv. samningnum. Hjalti Karlsson hefur verið að vinna í þessu máli og er að leggja lokhönd á skýrsluna.

2. Húsaleiguskuld deilda Vestra. Guðni fór yfir stöðuna og greindi frá því að búið væri að gera upp lottótekjur fyrir árið 2020 en ekki væri búið að ganga frá lottótekjum fyrir árið 2021. Er hann að skoða skiptingu á þeim í samráði við framkvæmdastjóra HSV og með hliðsjón af húsaleiguskuld deilda. Fram kom að knattspyrnudeild skuldar ekkert vegna 2021 en hvorki blakdeild né körfuknattleiksdeild hafa greitt húsaleigu 2021. Skuldin frá 2020 hefur ekki verið gerð upp. Guðni fylgir þessu máli eftir áfram.

3. Félagsgjöld. Guðni er að yfirfara lista yfir félagsmenn og sendir síðan út kröfur vegna félagsgjalda. Guðfinna tekur að sér að skrifa fréttatilkynningu sem verður send út um leið og félagsgjaldið.

4. Formannafundur: Aðalstjórn Vestra og formenn deilda þurfa að funda fyrir haustið og fara yfir ýmis mál sem tengjast fjárhagsáætlunarvinnu Ísafjarðarbæjar og má þar sérstaklega nefna verkefnasamningana sem þarf að yfirfara. Stefnt að fundi um miðjan ágúst.

5. Önnur mál: Ársskýrsla félagsins hefur verið gefin út og er aðgengileg á vef félagsins <https://www.vestri.is/vestri/skrar/skra/428/>. Sá Gunnar Bjarni hjá Pixel um uppsetningu á skýrslunni og voru fundarmenn sammála um að honum hefði farist verkefnið sérstaklega vel úr hendi.

Rætt um sértækan Covid-styrki fyrir seinni hluta ársins 2020 en fundarmenn vita ekki til þess að hann hafi verið auglýstur. Guðni tekur að sér að leita upplýsinga um þetta.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 21.15